

Lög UFA

1. grein

Félagið heitir Ungmennafélag Akureyrar, skammstafað UFA. Heimili þess og varnarþing er á Akureyri.

2. grein

Tilgangur félagsins er:

að efla íþróttastarfsemi á Akureyri með aðaláherslu á iðkun frjálsra íþrótta, auk þríbrautar.

að stuðla að þroskandi félagsstarfi.

að vinna að heilbrigðu líferni og gegn hvers konar notkun vímuefna.

3. grein

Aðalfund skal halda í febrúarmánuði ár hvert. Þá skal kjósa 5 menn í stjórn og 2 menn í varastjórn sem sitja fundi. Stjórnin velur sér formann en skiptir að öðru leyti með sér verkum. Endurkjör er heimilt

4. grein

Aðalfund skal boða með minnst 5 daga fyrirvara á heimasíðu UFA og víðar ef þurfa þykir.

Aðalfundur er löglegur sé löglega til hans boðað. Þá getur stjórn félagsins boðað til almenns félagsfundar ef þurfa þykir. Einnig er stjórninni skylt að boða til almenns félagsfundar ef 15

félagar eða fleiri æskja þess og skulu þessir fundir boðaðir með minnst 5 daga fyrirvara. Dagskrá aðalfundar skal vera eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar

2. Ársreikningur liðins árs

3. Fjárhagsáætlun komandi árs

4. Lagabreytingar

5. Ákvörðun um árgjöld félagsmanna

6. Kosning stjórnar

7. Kosning skoðunarmanna reikninga

8. Viðurkenningar til iðkenda

9. Önnur mál

5. grein

Árgjöld félagsmanna skal ákveða á aðalfundi. Reikningsár er frá áramótum til næstu áramóta.

6. grein

Félagar geta allir orðið ef meirihluti stjórnar samþykkir umsókn þeirra. Vísa má beiðni um inntöku til endanlegrar ákvörðunar almenns félagsfundar. Iðkendur sem keppa fyrir UFA verða sjálfkrafa félagar. Börn yngri en 12 ára hafa ekki atkvæðisrétt en hafa heimild til fundarsetu.

7. grein

Stjórn félagsins sér um allar framkvæmdir þess og skal hún leggja fram fjárhagsáætlun til

umræðu og samþykktar á aðalfundi og ber gjaldkera að haga greiðslum sínum sem mest eftir henni. ~~Heimilt er að starfrækja deildir innan félagsins til þess að sjá um ákveðna þætti starfseminnar, þær deildir hafa ekki ráðstöfunarrétt á fjármálum félagsins nema með samþykki aðalstjórnar.~~

8. grein

~~Heimilt er að starfrækja deildir innan félagsins. Nýjar deildir skal stofna á aðalfundi félagsins. Deildir hafa sjálfstæðan fjárhag og er heimilt að hafa eigin kennitölu en skila ársskýrslu og ársreikningi fyrir sitt starf til stjórnar félagsins a.m.k. viku fyrir aðalfund. Deildum er ekki heimilt að skuldbinda eða skuldsetja sig umfram eignir deildarinnar án þess að fyrir liggi samþykkt meirihluta stjórnar UFA í fundargerð. Sé engin starfsemi innan deildar og hún skilar ekki ársskýrslu og ársreikningi tvö ár í röð telst hún vera lögð niður.~~

89. grein

Félögum er skylt að hlýða lögum félagsins og annast þau störf í þágu félagsins sem félagsfundur eða stjórn félagsins felur þeim.

910. grein

Úrsögn úr félaginu skal tilkynna til stjórnar.

1011. grein

Lögum þessum má aðeins breyta á lögsmætum aðalfundi og þurfa tillögur um lagabreytingar að berast til stjórnar félagsins með minnst 14 daga fyrirvara. Tillögur að lagabreytingum skal kynna á heimasíðu UFA að lágmarki 5 dögum fyrir boðaðan aðalfund. Samþykki 2/3 hluta fundarmanna þarf til að lagabreytingar öðlist gildi.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Dags ~~26. febrúar 2007~~ 24. febrúar 2021.